

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2016 til 2017



Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir
Sigursveinn Már Sigurðsson
Pórarinn Ingólfsson

Sjálfsmatsskýrsla FSu 2016 – 2017

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	Bls. 1
Inngangur.....	Bls. 2
Markmið og tilgangur matsins.....	Bls. 2
Aðferðir og framkvæmd matsins.....	Bls. 4
Niðurstöður matsins.....	Bls. 5
Samantekt og ábendingar.....	Bls. 5
Umbótaáætlun.....	Bls. 6
Hvað hefur verið gert frá vorönn 2012 og hvað er framundan.....	Bls. 6

Fylgiskjöl

Leiðbeiningar vegna sjálfsmatsfundar 27. september 2016	Bls. 8
Niðurstöður hópavinnu 27. september 2016.....	Bls. 10
Leiðbeiningar vegna sjálfsmatsfundar 31. janúar 2017	Bls. 10
Niðurstöður sjálfsmats 31. janúar 2017.....	Bls. 13
Aðgerðaáætlun eftir niðurstöður matsins 31. Janúar.....	Bls. 14
Verklagsreglur vegna kennslumats/áfangamats.....	Bls. 15
GNOK niðurstöður.....	Bls. 16

Inngangur

Fjölbrautaskóli Suðurlands var stofnaður árið 1981 og hefur því verið starfandi í 36 ár á haustdögum 2017. Á heimasíðu skólans kemur fram sýn hans, en hún byggir á því að leggja áherslu á að allir séu metnir að verðleikum, njóti skilnings og beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Að sama skapi segir að skólinn stefni að árangursríku og fjölbreyttu skólastarfi þar sem áhersla er lögð á fagþekkingu, sköpunarhæfni og metnaðarfullt þróunarstarf. Nemendum hefur farið fækkandi við skólann eftir að ákveðið var að stytta nám til stúdentsprófs og hefur fjöldi þeirra farið úr rúmlega 1000 í rúmlega 700 á nokkrum árum.

Hlutverk skólans er að búa nemendur undir frekara nám, að bjóða upp á fjölbreytt starfsnám í góðum tengslum við atvinnulífið og að búa nemendur undir daglegt líf í lýðræðisþjóðfélagi.



Markmið skólans eru fjölpætt og snúa þau að námi og kennslu, mennsku og starfsumhverfi. Möguleiki er að lesa nánar um markmið skólans á heimasíðunni, <https://www.fsu.is/is/um-skolann/stefnur/markmid>

Á fyrsta fundi sjálfsmatshópsins á haustönn 2016 var skipulag ársins yfirfarið og ákveðið að meta markmið skólans varðandi nám og kennslu á haustönn. Farið var í mat á nýju markmiðum okkar sem endurskoðuð voru af starfsmönnum FSu á vorönn 2016. Stuðst var við matskerfið sem við höfum notað undanfarin ár þ.e. „how good is our school“. Á þessum fundi var einnig ákveðið að taka þátt í Skólapúlsinum og leggja hann fyrir nemendur skólans á haustönn. Skipulag vorannar byggði á því að meta mennskuna og leggja fyrir mat á gæðum náms og kennslu (GNOK) í öllum kenndum áföngum á önninni. Þegar búið var að ákveða hvað þyrfti að skoða kom að vinnu hópsins við skipulagningu og úrvinnslu. Allt var vel skipulagt og lögð áhersla á að ná til sem flestra og fá sem réttasta niðurstöðu. Mikil vinna fór í að fá nemendur til að svara Skólapúlsinum sem og að fá þau til að svara könnun á gæðum náms og kennslu (GNOK). Að loknum vinnufundum var lögð áhersla á að meta niðurstöður og vinna aðgerðaáætlun í framhaldinu.

Markmið og tilgangur matsins



Sjálfsmatsnefnd hefur stjórnað innra mati skólans. Í nefndinni sátu Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir, Sigursveinn Már Sigurðsson og Þórarinn Ingólfsson. Nefndin var með fasta tíma einu sinni í viku þar sem farið var yfir það sem var framundan í tengslum við matið og einnig var unnið úr gögnum sem komu inn á borð nefndarinnar. Markmið sjálfsmatsins er að gera

gott skólastarf enn betra. Sjálfsmatshópurinn hefur lagt áherslu á að reyna að virkja sem flesta til matsins og að fylgja því sem segir í lögum um framhaldsskóla um innra mat: „Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.“ Varðandi Skólapúlsinn höfum við tekið niðurstöður hans og skoðað okkur í samanburði við aðra framhaldsskóla. Við höfum í flestum tilfellum fylgt niðurstöðum annarra skóla og ekki hefur verið mikill munur á milli skóla.

Skólapúlsinn var lagður fyrir núna í fjórða sinn. Könnunin var lögð fyrir í nóvember 2016 og voru teknir út 160 nemendur sem óskað var eftir að svöruðu könnuninni. Alls var fjöldi svarenda 144 eða 90% þannig að niðurstöður ættu að vera mjög marktækar. Í Skólapúlsinum eru nemendur spurðir út í marga þætti sem tengjast skólanum. Markmið okkar með þátttöku í könnuninni er að sjá hvar við getum bætt okkur. Matsspurningar eru margar en flokkarnir eru:

1. Námsumhverfi

- 1.1. Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum
- 1.2. Samsömun við nemendahópinn
- 1.3. Stuðningur kennara við nemendur
- 1.4. Virk þátttaka nemenda í tímum
- 1.5. Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda)
- 1.6. Hvatning til ígrundunar (vitsmunaleg örvun)

2. Virkni í námi

- 2.1. Námsáhugi
- 2.2. Vinnulag í námi
- 2.3. Fjarvera: Seinkomur í tíma
- 2.4. Fjarvera: Skröp í tíma
- 2.5. Fjarvera án leyfis heilan dag
- 2.6. Ástæður fyrir fjarveru

3. Líðan

- 3.1. Vellíðan
- 3.2. Hamingja
- 3.3. Sjálfsálit
- 3.4. Stjórn á eigin lífi
- 3.5. Þunglyndi
- 3.6. Kvíði
- 3.7. Svefnleysi
- 3.8. Ástæður svefnleysis
- 3.9. Einelti
- 3.10. Áreitni og ofbeldi

4. Opin svör

- 4.1. Mat á líðan
- 4.2. Kennslumat
- 4.3. Lýstu því hvað þér þykir gott við skólann þinn
- 4.4. Lýstu því hvað þér þykir slæmt við skólann þinn

Aðferðir og framkvæmd matsins

Aðferðir sem notaðar voru við framkvæmd sjálfsmatsins voru aðallega tvenns konar. Annars vegar var notast við spurningalista og hins vegar sjálfsmatskerfið „How good is our school“. Spurningalistar tengdust bæði Skólapúlsinum og könnun á gæðum náms og kennslu (GNOK). Þegar við höfum verið að meta markmið okkar höfum við notað „How good is our school“ en það kerfi byggir á því að hópar fá ákveðnar fullyrðingar til þess að meta og gefa þeim einkunnir.



Hér að neðan má sjá í hverju starf sjálfsmatsnefndar fólst á síðasta skólaári.

Vinna sjálfsmatshóps í september fólst í því að undirbúa fund með kennurum þar sem nám og kennsla voru metin. Fundurinn var þriðjudaginn 27. september. Eftir 27. september var unnið úr niðurstöðum matsfundarins og var gerð

aðgerðaáætlun að loknum fundinum. Í nóvember var unnið að skjölum sem komu frá ráðuneyti (stefnumótunarskjöl tengd fjárreiðum ríkisins). Markmið skólans voru skoðuð í tengslum við þessi skjöl. Skólapúlsinn var lagður fyrir í nóvember eins og áður hefur komið fram. Í upphafi vorannar var farið yfir Skólapúlsinn og ákveðið að skoða hvort það væru einhverjir þættir sem þyrfti að skoða sérstaklega. Þegar farið var yfir niðurstöðurnar var ekkert sem kallaði sérstaklega á úrbætur þó svo að það sé ýmislegt sem megi betur fara. Niðurstöður voru vistaðar á H-drífi kennurum til upplýsingar. Í janúar var kennarafundur undirbúinn þar sem meta átti mennskuna. Nokkrir nemendur mættu á fundinn sem haldinn var 31. janúar og tóku þátt í matsferlinu. Eftir fundinn í janúar voru niðurstöður skoðaðar og unnið að aðgerðaáætlun. Niðurstöður voru sendar út á einstaka aðila (náms- og starfsráðgjafa, SKOH hópinn og fleiri). Í mars var unnið að verklagsreglum vegna kennslumats/áfangamats í FSu. Verklagsreglurnar voru birtar á heimasíðu skólans. Eftir þetta var unnið að undirbúningi GNOK könnunar og kom Helgi Hermannsson að þeirri vinnu með sjálfsmatshópnum. GNOK var lagt fyrir í byrjun apríl og var könnunin opin til loka apríl. Í apríl var unnið að endurskoðun sjálfsmats og gerð áætlun til tveggja ára. Einnig var unnið að samantekt vegna sjálfsmatsins. Niðurstöður GNOK könnunar voru sendar til kennara í maí.

Niðurstöður matsins

Helstu niðurstöður innra matsins voru að staða skólans sé nokkuð góð og almennt voru niðurstöður góðar. Auðvitað er alltaf eitthvað sem má betur fara og var brugðist við því með því að senda óskir um breytingar til ákveðinna hópa þar sem það átti við. Ekki voru allir jafn ánægðir með kennara sína í GNOK könnuninni og voru kennarar beðnir um að skoða niðurstöður sínar og bregðast við þeim. Kennurum var einnig bent á að tala við samkennara til þess að ræða sín mál. Skólapúlsinn kemur nánast eins út ár eftir ár og eru breytingar mjög litlar á milli ára. Sjálfsmatshópurinn fór í ákveðið átak síðastliðið vor vegna niðurstaðna úr Skólapúlsinum en það átak skilaði ekki miklu miðað við niðurstöður úr síðustu könnun. Í síðustu sjálfsmatsskýrslu kom eftirfarandi fram „*Unnið hefur verið með ákveðna þætti úr Skólapúlsinum sem við töldum ástæðu til að reyna að bæta og verður fróðlegt að sjá hvort það hafi áhrif á niðurstöður í næsta Skólapúlsi.*“ Þegar þessi atriði voru metin aftur í Skólapúlsinum kom í ljós að aðgerðaáætlun okkar hafði haft örlítill jákvæð áhrif í þá veru að nemendur upplifðu að kennarar hefðu meira samband við þá hvern og einn heldur en áður hafði verið. Hægt er að gleðjast þegar aðgerðir hafa þessi jákvæðu áhrif. Vinna sjálfsmatshópsins var mikil í tengslum við þetta átak og skilaði það of litlu miðað við vinnuna. Það er eins og áður ákveðið vandamál að koma upplýsingum til starfsmanna. Þó reyndar hafi verið nýjar leiðir virtist það ekki hafa haft tilætlaðan árangur.

Samantekt og ábendingar

Innra matið hefur nú verið með svipuðu sniði hjá okkur síðustu ár. Almennt má segja að fólk sé ánægt með kerfið sem stuðst er við (how good is our school) og þá sérstaklega vegna þess að þar þurfa menn að ræða málin og komast að niðurstöðu um jákvæð og neikvæð atriði. Sjálfsmatshópurinn fær í hendur mikið af upplýsingum og mismunandi sýn einstaklinga á ákveðin atriði í starfsemi skólans. Oft koma fram góðar ábendingar sem unnið er úr og reynt að framkvæma. Leggja þarf meiri áherslu á að bæta aðgerðaáætlanir, hafa þær markvissari og fylgja þeim betur eftir. Skólapúlsinn er stórt spurningamerki. Núna eru aðeins fimm framhaldsskólar þátttakendur og því gefur könnunin vísbendingar en það þyrftu að vera fleiri þátttakendur til þess að samanburður yrði betri. Niðurstöður Skólapúlsins hafa alltaf verið mjög svipaðar í öll þau skipti sem FSu hefur tekið þátt og breytingar eru litlar á milli ára. Sjálfsmatshópurinn ræddi mikilvægi Skólapúlsins og varð niðurstaðan að spurning er um áframhaldandi þátttöku á næsta skólaári. Könnun á gæðum náms og kennslu gekk nokkuð vel þó æskilegt hefði verið að hafa hærra svarhlutfall. Könnunin var lögð fyrir í kennsluumhverfi Moodle og því hefðu allir nemendur átt að geta svarað á tiltölulega einfaldan hátt. Augljóst er að kennarar geta lært marga á þeim niðurstöðum sem þeir fengu ef þeir eru tilbúnir til að skoða niðurstöðurnar með huga umbótamannsins.

Umbótaáætlun

Fyrst er til þess að taka að umbætur í skólastarfi verða ekki til öðruvísi en allir leggist á árarnar í einu. Margt kemur fram við innra mat sem betur má fara. Mikilvægt er að sníða sér stakk eftir vexti og einbeita sér að fáum mikilvægum atriðum í einu frekar en taka mörg atriði og missa þar af leiðandi sýnina. Það sem við sjáum fyrir okkur að þurfi að bæta eru ákveðnir þættir sem koma fram hjá einstökum kennurum og vonum við að kennarar sjálfir stjórni því. Einnig sjáum við fyrir okkur að unnið verði með þau atriði sem betur máttu fara í tengslum við húsnæði okkar og kennslu í því. Nú þegar hefur verið brugðist við mörgum þáttum með því að byggja glæsilegt verknámshús þar sem öll aðstaða til kennslu er til fyrirmyndar. Kennslan ætti því að vera auðveldari þar sem nú verður allur tækjabúnaður og vinnuaðstaða eins og best verður á kosið.

Hvað hefur verið gert frá vorönn 2012 og hvað er framundan.

- ✚ V 2012
 - Nám og kennsla (GNOK) – unnið.
- ✚ H 2012
 - Mennta – unnið. Lögð fyrir könnun um líðan nemenda.
- ✚ V2013
 - Starfsumhverfi – þessi liður var ekki skoðaður vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda við verknámshúsið Hamar og breytinga í tengslum við það.
 - Heimasíða skólans var metin.
 - Lögð fyrir könnun tengd heilsueflandi skóla.
- ✚ H 2013
 - Tengsl við samfélagið voru skoðuð og fengu kennarar verkefni til að vinna í tengslum við það. Þeir áttu að reyna að efla tengsl við samfélagið með aðgerðaáætlun þar sem þeir voru framkvæmdaaðilar. Aðgerðaáætlanir voru mikið þannig að aðrir áttu að vinna að þeim en ekki deildirnar sjálfar.
 - Skólapúlsinn var tekinn í notkun og var lögð könnun fyrir úrtak nemenda (160 nem.) í lok nóvember. Alls voru 138 nemendur sem svöruðu. Niðurstöður voru ítarlegar og voru þær skoðaðar betur á næstu fundum sjálfsmatshópsins þ.e. á vorönn 2014.
- ✚ V 2014
 - Unnið með það sem kanna þurfti betur eftir útkomu úr Skólapúlsinum. Það var gert með aðferðum HGIOS (How good is our school). Fullyrðingarnar tengdust **viðhorfi og hollustu gagnvart skólanum**. Aðgerðir eftir þá vinnu: Sendum póst á náms- og starfsráðgjafa og Hörð Ásgeirsson kennslustjóra starfsbrautar þar sem þau voru beðin um að kynna á fundi með kennurum næsta haust, úrræði fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika.
 - Könnun var lögð fyrir nemendur sem komu úr 10. bekk um áramót. Niðurstöður úr þeirri könnun liggja fyrir aftast í fylgiskjöllum.

- Á áætlun var að leggja GNOK-könnunina fyrir en sökum verkfalls var því frestað.
- Ætluðum að fá Helga Hermannsson félagsfræðikennara til að aðstoða okkur við að kanna notkun á Strætó en af því varð ekki vegna verkfalls.

✚ H 2014

- Menntan var könnuð og brugðist við því sem ástæða var til að bregðast við.
- Skólapúlsinn var lagður fyrir aftur og var þátttaka nokkuð góð.

✚ V2015

- Jafningjamat fór fram.
- GNOK var lagt fyrir í öllum áföngum
- Ytra mat var framkvæmt.
- Ákveðið var að skoða ekki starfsumhverfið þar sem breytingar eru miklar framundan vegna viðbyggingar við verknámshúsið Hamar.

✚ H 2015

- Markmið skólans voru yfirfarin og endurskoðuð.
- Skólapúlsinn var lagður fyrir í þriðja sinn.

✚ V 2016

- Unnið með niðurstöður Skólapúlsins og markmiðin kláruð.
- Lagðar fyrir kannanir tengdar grunnþáttunum og bóksölu.

✚ H 2016

- Byrjað verður að meta nýju markmiðin og verður nám og kennsla metin með „how good is our school“ kerfinu. Í september.
- Skólapúlsin verður lagður fyrir í fjórða sinn.

✚ V 2017

- Nám og kennsla (GNOK).
- Menntan verður einnig tekin fyrir á þessari önn.

Áætlun um sjálfsmat

✚ H 2017

- Starfsumhverfi verður metið (H)
- Skólapúlsinn?
- Verkferlar metnir/skráðir/birtir á heimasíðu

✚ V 2018

- Taka fyrir allt sem ekki er merkt í markmiðum með (H)
- Hvernig getum við metið grunnþættina (erum við að sinna þeim?) → setja það inn til kennara á sjálfsmatsfund.

✚ H 2018

- Endurskoða markmið skólans?

- Skólapúlsinn?

V 2018

- Nám og kennsla metið?
- GNOK lagt fyrir aftur.

Fylgiskjöl

Leiðbeiningar vegna sjálfsmatsfundar 27. september 2016

Pátttakendur: Starfsmenn skólans

Vinnuferli:

1. Á fundinum í dag á að skoða markmið FSu - lykilpátt 1, Nám og kennslu.
2. Skipt verður í 14 hópa.
3. Hópar meta mismunandi markmið, sjá lista neðar.
4. Svör skulu rökstudd með fimm dæmum (jákvæðum og/eða neikvæðum).
5. Hver hópur gefur hverju atriði einkunn (6 er best, 1 er lakast).

Þegar komið er að því að gefa fullyrðingunum einkunn er notuð eftirfarandi aðferð:

- Gefið er 6 ef matið er stutt af 5 vísbendingum um gott starf
- Gefið er 5 ef matið er stutt af 4 vísbendingum um gott starf og 1 sem þyrfti að bæta
- Gefnir eru 4 ef matið er stutt af 3 vísbendingum um gott starf og 2 sem þyrfti að bæta
- Gefnir eru 3 ef matið er stutt af 2 vísbendingum um gott starf og 3 sem þyrfti að bæta
- Gefnir eru 2 ef matið er stutt af 1 vísbendingu um gott starf og 4 sem þyrfti að bæta
- Gefið er 1 ef matið er stutt af 5 vísbendingum um starf sem þyrfti að bæta

Hvert á að skila niðurstöðum?

Hver hópur skilar niðurstöðum inn í möppu sem hefur slóðina:

H:\Sjalfsmat\Fundur 27. september 2016

Merkja skal skjalið (Hópur 1, Hópur 2, Hópur 3, o.s.frv.)

Verkefnin eru:

a. Hópar 1 og 8 - Nám

i. Námsframboð er endurskoðað á hverri önn, með hliðsjón af framhaldsskólalögum.

ii. FSu býður upp á fjölbreytta og áhugaverða áfanga.

b. Hópar 2 og 9 - Nám

- i. Nemendum sem gengur vel í námi er umbunað.
- ii. Nám við skólann styður við grunnþætti menntunar (læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun).

c. Hópar 3 og 10 - Kennsla

- i. Stuðlað er að endurmenntun kennara.
- ii. Aðbúnaður til kennslu er sem bestur.

d. Hópar 4 og 11 - Kennsla

- i. Stutt er við faglegt starf og nýbreytni innan námsgreina.
- ii. Samstarf er milli námsgreina.

e. Hópar 5 og 12 - Kennsla

- i. Faglegt starf er innan sviða.
- ii. Þróunarvinna og rannsóknarstörf eru stunduð.

f. Hópar 6 og 13 - Kennsla

- i. Þörfum um fjölbreytt metnaðarfullt nám á Suðurlandi er mætt með kennslu í dagskóla.
- ii. Þörfum þeirra sem eiga erfitt með að leggja stund á staðbundið nám er mætt með dreifnámi.

g. Hópar 7 og 14 - Kennsla

- i. Skólinn er opinn fyrir nýjungum í kennslu.
- ii. Boðið er upp á besta fáanlega kennsluefnið á hverjum tíma.

Niðurstöður hópavinnu 27. september 2016

Spurning	Einkunnir Hópur A	Einkunnir Hópur B	Samtals
a.i	5	4	9
a.ii	2	5	7
b.i	5	4	9
b.ii	6	4	10
c.i	4	5	9
c.ii	3	1	4
d.i	5	3	8
d.ii	1	5	6
e.i	5	6	11
e.ii	5	5	10
f.i	4	3	7
f.ii	5	3	8
g.i	5	5	10
g.ii	3	4	7

Leiðbeiningar vegna sjálfsmatsfundar 31. janúar 2017

Þátttakendur: Starfsmenn skólans

Vinnuferli:

1. Á fundinum í dag á að skoða markmið FSu - lykilþátt 2, Mennska.
2. Skipt verður í 22 hópa.
3. Hópar meta mismunandi markmið, sjá lista neðar.
4. Áður en umræður hefjast í hópunum velta allir fyrir sér sínum fullyrðingum og skrifa vísbendingar á blað.
5. Svör skulu rökstudd með fimm dæmum (jákvæðum og/eða neikvæðum).
6. Hver hópur gefur hverju atriði einkunn (6 er best, 1 er lakast).

Þegar komið er að því að gefa fullyrðingunum einkunn er notuð eftirfarandi aðferð:

- Gefið er 6 ef matið er stutt af 5 vísbendingum um gott starf
- Gefið er 5 ef matið er stutt af 4 vísbendingum um gott starf og 1 sem þyrfti að bæta
- Gefnir eru 4 ef matið er stutt af 3 vísbendingum um gott starf og 2 sem þyrfti að bæta

- Gefnir eru 3 ef matið er stutt af 2 vísbendingum um gott starf og 3 sem þyrfti að bæta
- Gefnir eru 2 ef matið er stutt af 1 vísbendingu um gott starf og 4 sem þyrfti að bæta
- Gefið er 1 ef matið er stutt af 5 vísbendingum um starf sem þyrfti að bæta

Hvert á að skila niðurstöðum?

Hver hópur skilar niðurstöðum inn í möppu sem hefur slóðina:

H:\Sjalfsmat\Fundur 31. janúar 2017

Merkja skal skjalið (Hópur 1, Hópur 2, Hópur 3, o.s.frv.)

Verkefnin eru:

Hópar 1 og 12 - Mennska - Nemendur

- a. Skólinn stuðlar að því að efla gagnrýna hugsun og styrkja siðferðiskennd nemenda.
- b. Staðið er vörð um velferð nemenda, þeir studdir í námi og þeir aðstoðaðir við val á framhaldsnámi.
- c. Stutt er við nemendur með greiningar og nemendur sem hafa ítrekað fallið í áföngum.

Verkefnin eru:

Hópar 2 og 13 - Mennska – Nemendur

- a. Skólinn veitir nemendum með sérþarfir þjónustu.
- b. Skólinn stuðlar að bættu heilbrigði nemenda.
- c. Stuðlað er að styrkari sjálfsmýnd og sjálfstæði nemenda.

Verkefnin eru:

Hópar 3 og 14 - Mennska - Nemendur

- a. Nemendur fá þjálfun í tjáningu.
- b. Spornað er gegn sjálfseyðandi hegðun.
- c. Unnið er að forvörnum í tengslum við tóbak, áfengi og önnur fíkniefni.

Verkefnin eru:

Hópar 4 og 15 - Mennska - Nemendur

- a. Hver einstaklingur fær að njóta sín og þroskast á sinn einstaka hátt.
- b. Unnið er með skyldur og réttindi nemenda.

- c. Stuðlað er að styrkari lýðræðisvitund nemenda.
- d. Stuðlað er að öflugra félagslífi nemenda á skólatíma.

Verkefni eru:

Hópar 5 og 16 – Mennska – Stjórnun

(skólameistari/aðstoðarskólameistari/áfangastjóri/sviðsstjórar)

- a. Lýðræðisleg vinnubrögð eru viðhöfð í skólanum.
- b. Starfsfólk er ráðið með tilliti til réttinda og hæfni (sbr. starfsmannastefna, jafnréttisáætlun).
- c. Unnið er eftir gæðamatsáætlunarkerfi skólans til að greina styrkleika/veikleika skólasamfélagsins (How good is our school).

Verkefni eru:

Hópar 6 og 17 - Mennska – Stjórnun

(skólameistari/aðstoðarskólameistari/áfangastjóri/sviðsstjórar)

- a. Unnið er markvisst að þróunarmálum.
- b. Unnið er að rannsóknum á skólastarfinu.
- c. Stjórnendur sýna starfsfólki skólans faglegt traust.

Verkefni eru:

Hópar 7 og 18 - Mennska – Stjórnun

(skólameistari/aðstoðarskólameistari/áfangastjóri/sviðsstjórar)

- a. Starfsmannafélag vinnur að jákvæðum félagsanda meðal starfsfólks.
- b. Kennarafélag vinnur að hagsmunum kennara og auknum gæðum kennslu.
- c. Stjórnendur skólans leiðbeina nýjum starfsmönnum.

Verkefni eru:

Hópar 8 og 19 - Mennska – Samstarf við aðra

- a. Skapaður er farvegur fyrir tengsl við grunnskóla á svæðinu.
- b. Þrískólasamstarfi (FVA, FS og FSu) verður haldið áfram.
- c. Faglegt samstarf er við aðra framhaldsskóla, sérskóla og háskóla landsins.

Verkefni eru:

Hópar 9 og 20 - Mennska – Samstarf við aðra

- a. Farvegur er skapaður fyrir tengsl við atvinnulífið/samfélagið.
- b. Hollvarðasamtökin halda tengslum skólans við fyrrum nemendur sína og kemur tengslum á við aðra þá sem bera hag hans fyrir brjósti.
- c. Hollvarðasamtökin styrkja og efla skólann, fjárhagslega eða á annan hátt.

Verkefni eru:

Hópur 10 og 21 - Mennska – Samstarf við aðra

- a. Nemendur skólans fá tækifæri til að kynna og upplifa menningu annarra þjóða.
- b. Erlend samskipti auka víðsýni og samkennd nemenda.
- c. Erlend samskipti stuðla að fjölþættari þekkingu nemenda í þeim námsgreinum sem þeir leggja stund á.

Verkefni eru:

Hópur 11 og 22 – Mennska - Samstarf við aðra

- a. Erlend samskipti styrkja kennara skólans faglega og efla sjálfstraust þeirra og víðsýni.
- b. Erlend samskipti kynna skólann og umhverfi hans.
- c. Stuðlað er að góðri ímynd skólans.

Niðurstöður sjálfsmats 31. janúar 2017

Matsatriði	Hópur	Nem	Einkunn
a. Skólinn stuðlar að því að efla gagnrýna hugsun og styrkja siðferðiskennd nemenda.	12		6
b. Staðið er vörð um velferð nemenda, þeir studdir í námi og þeir aðstoðaðir við val á framhaldsnámi.	12		5
c. Stutt er við nemendur með greiningar og nemendur sem hafa ítrekað fallið í áföngum.	12		3
a. Skólinn veitir nemendum með sérþarfir þjónustu.	13		5
b. Skólinn stuðlar að bættu heilbrigði nemenda.	13		3
c. Stuðlað er að styrkari sjálfsmynd og sjálfstæði nemenda.	13		5
a. nemendur fá þjálfun í tjáningu	14		3
b. Spornað er gegn sjálfseyðandi hegðun	14		pass
c. Unnið er að forvörnum í tengslum við tóbak, áfengi og önnur fíkniefni – einkunn 5	14		5
a. Hver einstaklingur fær að njóta sín og þroskast á sinn einstaka hátt.	15	4	3
b. Unnið er með skyldur og réttindi nemenda	15	2	2
c. Stuðlað er að styrkari lýðræðisvitund nemenda.	15	6	4
d. Stuðlað er að öflugra félagslífi nemenda á skólatíma	15	3	2
a. Lýðræðisleg vinnubrögð eru viðhöfð í skólanum.	16		5
b. Starfsfólk er ráðið með tilliti til réttinda og hæfni (sbr. starfsmannastefna, jafnréttisáætlun).	16		pass

c. Unnið er eftir gæðamatsáætlunarkerfi skólans til að greina styrkleika/veikleika skólasamfélagsins (How good is our school).	16		3
a. Unnið er markvisst að þróunarmálum	17		5
b. Unnið er að rannsóknum á skólastarfinu	17		4
c. Stjórnendur sýna starfsfólki skólans faglegt traust	17		6
a. Starfsmannafélag vinnur að jákvæðum félagsanda meðal starfsfólks.	18		6
b. Kennarafélag vinnur að hagsmunum kennara og auknum gæðum kennslu.	18		5
c. Stjórnendur skólans leiðbeina nýjum starfsmönnum.	18		pass
a. Skapaður er farvegur fyrir tengsl við grunnskóla á svæðinu	19		6
b. Þrískólasamstarfi (FVA, FS og FSu) verður haldið áfram.	19		4
c. Faglegt samstarf er við aðra framhaldsskóla, sérskóla og háskóla landsins	19		4
a. Farvegur er skapaður fyrir tengsl við atvinnulífið/samfélagið.	20		6
b. Hollvarðasamtökin halda tengslum skólans við fyrrum nemendur sína og kemur (koma) tengslum á við aðra þá sem bera hag hans fyrir brjósti.	20		pass
c. Hollvarðasamtökin styrkja og efla skólann, fjárhagslega eða á annan hátt.	20		6
a. Nemendur skólans fá tækifæri til að kynnst og upplifa menningu annarra þjóða.	21		6
b. Erlend samskipti auka víðsýni og samkennd nemenda.	21		6
c. Erlend samskipti stuðla að fjölþættari þekkingu nemenda í þeim námsgreinum sem þeir leggja stund á.	21		5
a. Erlend samskipti styrkja kennara skólans faglega og efla sjálfstraust þeirra og víðsýni.	22		5
b. Erlend samskipti kynna skólann og umhverfi hans.	22		4
c. Stuðlað er að góðri ímynd skólans.	22		5

Aðgerðaáætlun eftir niðurstöður matsins 31. janúar

Óska eftir tillögur fá náms- og starfsráðgjöfum um:	
Nemendur með ítrekað fall	
Nýtingu hljóðbóka fyrir nemendur með greiningar	
Hljóðbækur kynntar af námsráðgjöfum	sendum póst á náms- og starfsráðgjafa
Skólinn stuðlar að bættu heilbrigði nemenda.	
Heilsueflandi framhaldsskóli	
Láta SKOH - hóp vita að kvartað sé yfir ósýnileika heilsueflandi verkefnis	Sendur póstur til Ragnheiðar
Nemendur fá þjálfun í tjáningu	
Dagur tjáningar/Vika tjáningar/hugmyndir um kvíðalusa tjáningu	
Leikræn tjáning?	
Vika tjáningar - vinna með tjáningu í gegnum leik	
Ein vika þar sem allar kennslustundir enda á leik. Kennarar látnir vita en nemendur ekki	Haust 2017
Gera nemendum ljósar skyldur sínar	

Bragi, ERGÓ ?	Sigursveinn sendi póst til GG og GK
d. Stuðlað er að öflugra félagslífi nemenda á skólatíma	
stjörnumerki - nemandaráð með heimsóknir í tíma - bragi með gigg	
c. Unnið er eftir gæðamatsáætlunarkerfi skólans til að greina styrkleika/veikleika skólasamfélagsins (How good is our school).	
Mikill hraði á sjálfsmatsfundum, of fáir með hvern þátt	
Huga að því að kynna betur verkefnið sem slíkt og biðja fólk að ígrunda svörin.	
Skoða að fækka atriðum til mats í hvert sinn, og við sjálf metum hin atriðin.	

Verklagsreglur vegna kennslumats/áfangamats

1. Annað hvert ár er gert kennslumat/áfangamat í FSu. Matið fer fram á seinni hluta annar og er því stýrt af sjálfsmatshópi skólans. Matinu er ætlað að meta gæði náms og kennslu áfanga og er hluti af innra mati skólans.
2. Meginmarkmið kennslumats/áfangamats er að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum. Spurt er um kennslu, skipulag áfanga, vinnuálag nemenda. Kennslumat/áfangamat er í samræmi við VII. kafla framhaldsskólalaga nr. 92/2008 þar sem kveðið er á um að skólar meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs.
3. Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000, gilda um rafræna vinnslu upplýsinga sem verða til við fyrirlögn kennslumats en vinnslan er heimild skv., 3. tölul. 1.mgr. 8.gr. laganna.
4. Sjálfsmatsteymi FSu hefur umsjón með framkvæmd kennslumats/áfangamats í samráði við skólameistara. Allir áfangar fara í kennslumat, annað hvert ár, nema óskað sé eftir mati, t.d. vegna þess að áfangi hefur ekki verið kenndur áður eða að kennarinn er nýr sem kennir áfangann. Kennarar geta einnig óskað eftir að viðkomandi áfangi sem þeir kenna fari í mat á viðkomandi önn.
5. Sjálfsmatsteymi FSu sér um úrvinnslu gagna en kennslumatið/áfangamatið fer fram í gegnum kennslukerfi skólans, Moodle. Að lokinni úrvinnslu er kennslumatið birt kennara og hafa aðeins skólameistari og aðstoðarskólameistari aðgang að matinu í heild sinni. Þeir aðilar sem hafa aðgang að kennslumati eru bundnir trúnaði um niðurstöður. Sjálfsmatsteymi ber ábyrgð á stýringu aðgangs að niðurstöðum áfangamats/kennslumats.
6. Skólameistara ber að ræða um kennslumat við kennara þegar þeir eru boðaðir í starfsmannasamtal.
7. Niðurstöður kennslumats/áfangamats eru varðveittar með tryggilegum hætti.

